

Hvalfjarðarsveit
Helga Harðardóttir
Innrimel 3
301 Akranes

Garðabær, 21. nóvember 2024
Málsnúmer: 202410-0068
IAS

Efni: Stækkun efnistökusvæðis E-13, Innri-Hólmur. Skipulagslýsing.

Vísað er í erindi frá Hvalfjarðarsveit, dags. 31. október 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna stækkunar efnistökusvæðis E13, Innri-Hólmur (Hólabrú).

Framkvæmdin snýr að stækkun efnistökusvæðis Hólabrúarnámu um 2 ha og að heimiluð efnistaka verði aukin um 250.000 m³. Hólabrúarnáma er staðsett í Hvalfjarðarsveit, um 8 km frá Akranesi (mynd 1). Hólabrú er í landi Innra-Hólms í Hvalfjarðarsveit en fyrirhuguð stækkun verður í landi Kirkjubóls. Náman er við rætur Akrafjalls að suðaustanverðu, undir svokölluðum Rauðagarði. Svæðið umhverfis námurnar einkennist af athöfnum mannsins. Til norðurs afmarkast núverandi efnistökusvæði af gömlum akvegi og við norðausturmörk svæðisins er lítill skógræktarlundur. Fyrirhuguð stækkun mun þó fara norður fyrir umræddan veg.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Stækkunin hefur ekki áhrif á verndarsvæði, jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar eða vistgerðir með mjög hátt verndargildi. Mikið rask er nú þegar á námusvæðinu og ásýndaráhrifin eru mikil. Með því að stækka efnistökusvæðið til norðurs mun það ná upp fyrir gamlan akveg sem nú er skilgreindur sem göngu- og reiðleið. Efnistaka færist hærra í landið og þarf að tryggja að efnistakan og færsla göngu- og reiðleiðarinnar valdi ekki raski á skriðunum ofan efnistökusvæðisins.

Náttúrufræðistofnun hefur ekki fleiri ábendingar á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur